

UPPLÝSINGAR

UM

Hlíðarfjall

1972



AKUREYRI

MIÐSTÖÐ VETRARIÞRÓTTA



Sími 12930

SKÍÐAHÓTELIÐ er opið frá 15. jan. til 30. apríl 1972, alla daga frá kl. 08.00 - 22.30.

Gisting í eins, tveggja og þriggja manna herbergjum og svefnpokapláss. Tvær rúmgóðar borðstofur, setustofa með hljóðfæri og bókasafni.

Í borðstofu er sjónvarp.

Í SKÍÐAHÓTELINU er greiðasala, böð, gufubað. Skíðaleiga er í hótelinu.

SKÍÐALEIGA, verðlisti:

Skíði, skór, stafir kr. 400.00 á dag.

Skíði kr. 200.00 á dag.

Skór kr. 200.00 á dag.

Stafir kr. 50.00 á dag.

Togbrautarbelti kr. 50.00 á dag.

Öll skíði eru með öryggisbindingum.

Smelluskiðaskór. Skíðalengdir frá 1.70 m. - 2.10 m.

Starfsmannahópar og félag: Tilvalið að fara í helgarfrí í Skíðahótelið. Hópafsláttur. Upplýsingar í Skíðahótelinu. 7 - - Með tilkomu nýja vegarins í Hlíðarfjalli er auðvelt að komast á öllum bílum að hótelinu.



Sími 12930

Skíðalyftan er 1020 m. löng, staðsett skammt frá Skíðahótelinu í ágætu skíðalandi.

Afköst eru 500 manns á klst. Opin daglega frá kl. 09.30 - 17.00.

Skíðalyftan, verðlisti:

Færgjöld:	Fullorðnir:	Börn:
1 ferð upp	30	15
1 ferð niður	20	10
1 ferð fram og til baka	35	20
5 ferðir	135	50
20 ferðir	400	150
80 ferðir	1330	500
Dagkort, frjáls afnot	325	200
Árskort	2000	1000

Á árskortin verður sett mynd af eiganda, sem hann verður að leggja til, en kortinu er síðan komið fyrir í vatnsheldu plastveski, sem lyftan leggur til.

SKÍÐALYFTA SRA er staðsett við enda-stöð stólalyftunnar. Lengd hennar er 400 m. 12 ferða kort í hana kosta kr. 100.00. Hver ferð kr. 10.00. Lyfta SRA er ætluð því skíðafólki, sem lengra er komið í íþróttinni.



Sími 12930

SKÍÐASKÓLI verður starfræktur í Hlíðarfjalli í vetur fyrir almenning. Til að byrja með verður skíðakennsla á mánudags- og miðvikudagskvöldum. Ef aðsókn reynist það mikil að ástæða þyki til að fjölga kennslukvöldum þá verður það gert.

Tilhögun:

Bifreið frá HÓPFERÐUM s.f. fer úr bænum kl. 20.00. Skíðakennsla hefst kl. 20.30. Kennt verður í upplýstri brekku við Skíðahóтелиð. Togbraut er í brekkunni. Kaffi í Skíðahótelinu kl. 22.00. Farið í bæinn kl. 22.30. Fólk á einkabílum verður að vera komið í brekkuna kl. 22.30. Skíðabrekkann og togbrautinn eru ekki til afnota fyrir aðra en þá sem eru í skíðaskólanum framangreind kvöld. Gjald fyrir ferð úr bænum og til baka, skíðakennslu og kvöldkaffi er kr. 160 oo. Ath.: einnig er hægt að fá einkakennslu ef hún er pöntuð með nokkrum fyrirvara.

Ath.: Áskorun til almennings sem á gamlan skíðaútbúnað: Notið gömlu skíðin, skóna og stafina. Burstið bara rykið af því og komið á skíði í Hlíðarfjall. Munið að Hlíðarfjall er ekki ætlað til tízkusýninga heldur til skíðaiðkana og hollrar útiveru.

MÓTASKRÁ SRA 1972.

22/1 Stórhriðarmót: svig, 11-12 ára drengir og stúlkur. 13-15 ára stúlkur, 13-14 og 15-16 ára drengir. Karla- og kvennaflokkar. Ganga 13-16 ára og 17 ára og eldri.

5/2 Opið mót í Reykjavík: Punktamót. Svig og stórsvig.

19.-20/2 Hermannsmót: Punktamót. Svig, stórsvig, ganga.

26/2 Febrúarmót: Svig og stórsvig allir flokkar. Heimsókn frá Húsavík.

4.-5/3 Þorramót á Ísafirði: Svig, stórsvig, ganga.

11/3 Akureyrarmót: stórsvig, allir flokkar. Ganga, allir flokkar.

12/3 Akureyrarmót: Ganga, allir fl.

18/3 Akureyrarmót: svig 11-12 ára drengir og stúlkur, 13-15 ára st.

19/3 Akureyrarmót: svig, unglingar 13-14 og 15-16 ára, konur, A og B flokkar karla.

25.-26/3 Úrtökumót fyrir svigsveit Akureyrar (á Skíðamót Íslands).

28/3-3/4 Skíðamót Íslands á Ísafirði.

29/3-3/4 Unglingameistaramót Íslands á Akureyri.

16/4 Togbrautarmót: svig, allir fl. A og B fl. karla saman. Opið mót.

22.-23/4 Rotarymót unglinga: 13-14 og 15-16 ára drengir, 13-15 ára st.

20.-22/5 Skarðsmót á Siglufirði: Punktamót. Svig og stórsvig.

Skíðaráð Akureyrar.



SÆTAFERÐIR Í HLÍÐARFJALL.

HÓPFERÐIR s.f. Sími 12878 og 12930.

Brottfararstaðir á Akureyri eru: Glerárstöð BP, bílastæði gegnt afgreiðslu Flugfélags Íslands og við nýja iðnskólann. Daglegar ferðir. Um helgar og hátíðisdaga eru ferðir eftir þörfum. Nánari tímasetning gefin upp síðar.

Hópferðir s.f., verðlisti:

	Börn 12 ára og yngri:	13 ára og eldri:
Ein ferð	35	50
Tvöföld ferð	60	85
10 ferða kort	225	300
20 ferða kort	370	500



FLUGBJÖRGUNARSVEITIN, sími 21023.

F.B.S.A. annast slysavakt í Hlíðarfjalli um helgar og helgidaga. Félagar sveitarinnar eru í skærgulum skíðaúlpum með merki sveitarinnar. Tækjakostur þeirra á staðnum eru: Sjúkrabíll með drifi á öllum hjólum, snjósleði með sjúkrakörfu, nauðsynlegur útbúnaður fyrir fyrstu hjálp, og talstöðvar. (Aðalstöð í Skíðahótelinu KHZ 2970).

=====

Klæðist hlýjum og skjólgóðum fötum þegar þið farið í fjallið. Farið ekki einsömum langt frá alfaraleiðum.

Foreldrar og forráðamenn barna: Látið ekki börn fara ein án eftirlits í fjallið.